

Verklagsreglur Hólabæjar

1. UMSÓKN OG INNBITUN

- Sótt er eyðublað um leikskóladvöl á heimasíðu leikskóla [umsókn_um_leikskólavist.pdf](#) og sent á leikskoli@reykholaskoli.is

- o Sækja má um pláss á leikskóla frá fæðingardegi barns eða strax og kennitala þess hefur verið skráð.

Börn með skráð lögheimili í Reykhólahrepp geta óskað eftir vistun frá 12 mánaða aldri. Innritun fæst svo framarlega sem mönnum og aðrar aðstæður deildarinnar bjóða upp á og miðar því ekki alltaf að 1 árs afmælisdegi.

Skólastjóri/deildarstjóri tilkynnir foreldrum hvenær barnið getur hafið aðlögun með tölvupósti, að jafnaði eigi síðar en tveimur vikum áður en leikskóladvöl hefst.

(Undantekning er þó að börn eru ekki tekin í aðlögun frá 15. desember þar til viku eftir jólaeyfi einnig er ekki aðlögun í júní vegna hagsmuna barnsins svo það þurfi ekki aðra aðlögun að löngum leyfum loknum)

2. SKILYRÐI FYRIR LEIKSKÓLADVÖL

- Skilyrði fyrir leikskóladvöl barns er að lögheimili (skv. Þjóðskrá) sé skráð í Reykhólahrepp, barnið getur þó verið á biðlista þótt lögheimili sé annars staðar.
- Hægt er að sækja um leikskóladvöl vegna tímabundinnar dvalar barns með lögheimili í öðrum sveitarfélögum og er þá farið eftir viðmiðunarreglum Reykhólahrepps vegna skóladvalar barna utan lögheimilissveitarfélags, sem er þá tekið fyrir í mennta- og menningarmálanefnd Reykhólahrepps hvort heldur fyrir tímabundna dvöl eða heilt skólaár. Umsókn sendist á leikskoli@reykholaskoli.is

- *Hafa þarf í huga að öll börn sem sækja um að stunda nám við leikskóladeild Reykhólaskóla þurfa að fara í gegnum samskonar aðlögunarferli.*
- *Starfsmenn leikskóladeildar fá undanþágu frá ákvæði um aldur og dvalartíma barns ef undirmönnun er innan deildar til að koma í veg fyrir skerðingu á þjónustu leikskóladeildar Reykhólaskóla.*

3. LEIKSKÓLAGJÖLD

- Á fundi sveitarstjórnar 13. desember 2023 var samþykkt ákvörðun um gjaldtöku á leikskóladeild utan sex tíma sem kallast þá gæðatímar.
- Gæðatími er tíminn frá kl. 9:00-15:00, sá tími er foreldrum gjaldfrjáls og fer faglegt starf fram innan þess tíma.
- Foreldrar sækja um vistun utan gæðatíma tíma til deildarstjóra og greiða gjald samkvæmt gjaldskrá Reykhólahrepps.

Leikskóladeild

Grunngjald er 4111- kr. á mánuði

Ef barn er fulla átta tíma greiðst tvær klst. eða 8.222- kr. á mánuði

Einstæðir foreldrar fá 35% afslátt af dvalargjaldi

Systkinaafsláttur af dvalargjaldi er 30% með öðru barni og 60% með þriðja barni

Afslættir reiknast eingöngu af dvalargjaldi, ekki af fæði eða öðrum gjöldum.

- Foreldrar/forráðamenn greiða mótuneytisgjald samkvæmt gjaldskrá Reykhólahrepps hverju sinni. https://www.reykholar.is/static/files/Skrar/gjaldskrar/Gjaldskrar-2023/gjaldskra_motuneytis_2023.pdf

4. DVALARTÍMI

- Opnunartími Hólabæjar er samkvæmt samþykktum sveitarstjórnar hverju sinni og er auglýstur að hausti á heimasíðu leikskólans. <https://holabaer.leikskolinn.is/Upplýsingar/Opnunartimi>
- 12 -18 mánaða börn fá úthlutaða að hámarki sex klukkustunda vistun á dag gjaldfrjálst, hægt er að velja milli tímanna 8:00 - 14:00 eða 9:00 - 15:00.
- Áður en leikskóladvöl barns hefst gera leikskóli og foreldrar með sér dvalarsamning. Með undirritun sinni staðfesta foreldrar að þeir hafi kynnt sér gjaldskrá Reykhólahrepps og verklagsreglur Hólabæjar og skuldbinda sig til að hlíta þeim eins og þær eru á hverjum tíma.
 - Hægt er að sækja um breytingar á dvalartíma, hjá deildarstjóra leikskóla fyrir 20. hvers mánaðar. Breytingar miðast við næstu mánaðamót ef næg mönnun er til staðar á þeim tíma sem óskað er eftir breytingum á dvalartíma.
 - Leikskóladeild Reykhólaskóla er að jafnaði lokuð í sex vikur í senn yfir sumartímann. Sumarleyfi eru samþykkt af mennta og menningarmálanefnd að vori. *“Barn í leikskóla skal samkvæmt lögum taka að lágmarki fjögurra vikna samfellt sumarleyfi ár hvert.” (sjá: 655/2009 gr. 8 Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla)*
 - Mötuneytisgjald fellur niður á meðan auglýst sumarleyfi eru.
 - Ef barn er fjarverandi í samfellt tvær vikur eða lengur umfram sumarleyfi eða önnur leyfi sækja foreldrar sjálfir um niðurgreiðslu mótuneytisgjalds fyrir þann tíma sem barnið er í orlofi hjá deildarstjóra leikskóla.
 - Geti barn ekki sótt leikskóla vegna langvarandi veikinda sem vara í a.m.k. viku samfellt geta foreldrar sótt um afslátt af mótuneytisgjaldi.
 - Óskir um niðurgreiðslu mótuneytisgjalds berist til deildarstjóra leikskóla.

5. UPPSÖGN Á DVALARSAMNING

- Gagnkvæmur uppsagnarfrestur á dvalarsamningi er einn mánuður hið minnsta og miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar. Uppsögn dvalarsamnings skal vera skrifleg og skilast til deildarstjóra leikskóla.

6. UNDIRMÖNNUN

Skólastjóri og deildarstjóri leikskóla hafa umboð til að framfylgja þessum reglum, að vel ígrunduðu máli.

Markmið með viðmiðunum er að tryggja öryggi og námsaðstæður barna sem og starfsumhverfi starfsmanna. Um neyðarráðstöfun er að ræða. Ef þær aðstæður skapast að starfsfólk vantar á leikskóladeild vegna óviðráðanlegra aðstæðna óveðurs, manneklu eða annars er eftirfarandi verklagi fylgt.

Ástæður:

Á ákveðnum tímum geta fjarvistir starfsmanna orðið verulegar og geta aðstæður fjarverunnar verið, til dæmis vegna:

- Veikinda starfsmanna
- Veikinda fjölskyldumeðlima
- Vegna faraldurs

Aðgerðir:

Áður en gripið er til skerðingar á dvalartíma vegna fáliðunar skoða skólastjórnendur hvernig mögulega mætti hagræða skipulagðri starfsemi. Slíkar ráðstafanir eru þó eingöngu til skamms tíma. Litið skal til eftirfarandi þátta:

1. Deildir/hópar sameinist og húsnæði nýtt sem best til að koma til móts við barnahópin.
2. Dregið er úr skipulagðri stuðningsþjónustu og dagskipulagi.
3. Leikskólakennarar/starfsmenn fresta undirbúningstíma.
4. *Starfsfólk í hlutastarfi lengir daglegan vinnutíma* sinn sé þess kostur og fær greidda yfirvinnu.
5. Starfsfólk sleppir kaffitímum og fær þá greidda.

Ef upp koma aðstæður innan leikskóladeildar að undirmönnun er það mikil vegna veikinda eða annarra aðstæðna og stjórnendur telja öryggi barna ekki tryggt sem og ábyrgð annarra starfsmanna of mikil þarf að grípa til eftirfarandi aðgerða eftir fyrir fram ákveðnu kerfi. Reynt skal að tilkynna foreldrum um skerðingu með eins löngum fyrirvara og kostur er. Þá skal reynt að gefa foreldrum aðvörun ef líkur eru á neyðarástandi, en leikskóladeild áskilur sér þann rétt að grípa til fyrirvaralausrar skerðingar vegna óviðráðanlegrar undirmönnunar.

1. Komi til skerðingar skulu systkini vera heima á sama tíma.
2. Reynt er að dreifa skerðingunni eins og kostur er. Tryggt sé að öll börn verði fyrir skerðingu einu sinni áður en skerðing kemur til framkvæmda öðru sinni.
3. Skerðing getur verið fólgin í því að börn séu heima, ýmist hluta úr degi (sótt fyrr eða koma seinna) eða allan daginn.
4. Til að koma í veg fyrir frekari skerðingu á þjónustu leikskóladeildar Reykhólaskóla, skulu börn starfsmanna ekki send heim nema kostur sé á.

Samskipti við foreldra/forráðamenn:

Hringt verður í þá foreldra sem þurfa að sækja börnin sín. Ef ekki næst í foreldra þá verða send skilaboð gegnum Karellen kerfið. Deildarstjóri leikskóla sér um að hafa samband. Ef virkja þarf áætlun að morgni, þá sendir deildarstjóri boð í gegnum Karellen, ef foreldrar svara þá eru skilaboð móttekin. Ef óvíst er hvort foreldrar hafa meðtekið skilaboðin, hringir deildarstjóri í foreldra.

Samskipti við mennta- og menningarmálanefnd;

Deildarstjóri tilkynnir formanni mennta- og menningarmálanefndar um aðgerðir samkvæmt viðmiðum þessum.

8. ÓVEÐUR

Ef *appelsínugul* eða *rauð* viðvörun er í gildi þá er öllu skólahaldi aflýst (grunnskóla- og leikskóladeild). Ef *gul* viðvörun er í gangi þá meta foreldrar hvort þeir senda börn sín í leikskólann og eða skólabílstjórar meta hvort þeir keyri þann daginn. Ef þeir ákveða að fara af stað hafa þeir ákvörðunarvald til að taka ekki leikskólabörn með þann daginn þar sem ekki er skólaskylda á leikskóladeild, er það þá á ábyrgð foreldra að koma börnum í og úr leikskóla þann daginn.

- Foreldrar skulu ávallt hafa beint samband við skólabílstjóra og senda skilaboð til leikskólans í gegnum Karellen eða hringja í síma 434-7731 þegar forföll eru vegna veðurs.
- Ef þær aðstæður skapast að starfsfólk kemst ekki til vinnu vegna veðurs, hafa stjórnendur Reykhólaskóla heimild til að starfa eftir lið 6. **UNDIRMÖNNUN.**
 - o Ef leikskólastarf er fellt niður vegna veðurs er slíkt tilkynnt með skilaboðum á Karellen, tölvupósti og auglýst á fésbókar- og heimasíðu skólans eins fljótt og unt er.

9. ANNAD

- Leikskóladeild Reykhólaskóla starfar eftir aðalnámskrá leikskóla sem gefin er út af Menntamálaráðuneytinu hverju sinni.
- Starfsfólk Reykhólaskóla er bundið þagnarskyldu. Þagnarskyldan helst þó látið sé af störfum. Hagsmunir barna skulu ávallt hafðir í fyrirrúmi. “Samkvæmt barnaverndarlögum er öllum skylt að tilkynna til barnaverndarnefndar ef þeir hafa ástæðu til að ætla að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, verði fyrir ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi eða stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu” Tilkynningaskyldan gengur frammar ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu starfsstétta.
- Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 eiga börn sem þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun rétt á slíkri þjónustu innan leikskólans. Stuðlað er að jafnrétti til náms og vellíðan allra barna.
- Leikskóladeild Reykhólaskóla hefur sex skipulags- og/eða námskeiðsdaga á hverju skólaári, sem samþykktir eru af mennta- og menningarmálanefnd og eru skráðir á skóladagatal.
- Skóladagatal leikskóladeildar er samþykkt af fræðslunefnd að vori, allar breytingar á skóladagatali þurfa samþykki mennta- og menningarmálanefndar Reykhólahrepps. Skóladagatal leikskóladeildar er birt á heimasíðu leikskólans.
- Starfsáætlanir eru gerðar að hausti og endurskoðaðar að vori og eru þær birtar á heimasíðu Reykhólaskóla.
- Allar helstu áætlanir sem leikskóladeild vinnur eftir má sjá á heimasíðu Reykhólaskóla.
- Aðrar upplýsingar má einnig finna á heimasíðu Reykhólaskóla eða heimasíðu Hólabæjar.

Samþykkt af sveitarstjórn.
13. desember 2023